



IÐNARÐARSVÆÐI Í YTRI-HAGA OG HITAVEITULÖGN

Deiliskipulag – Tillaga

Dalvíkurbyggð

29.12.2025



Samþykktir

Deiliskipulag þetta, sem kynnt og auglýst hefur verið samkvæmt 40. og 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, með síðari breytingum, var samþykkt af sveitarstjórnar Dalvíkurbyggðar þann _____

f.h. Dalvíkurbyggðar

Deiliskipulagstillagan var auglýst frá _____ með athugasemdafresti til _____

Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsins var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann _____

UPPLÝSINGAR

SKJALALYKILL

108910-001-DSK-V11 -Ytri Hagi

HÖFUNDUR

MMR/ÍS

RÝNT

AB/MS

Efnisyfirlit

1	INNGANGUR	4
1.1	Markmið	4
1.2	Skipulagsgögn	4
2	FORSENDUR OG STAÐHÆTTIR	5
3	TENGLI VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR	6
3.1	Landsskipulagsstefna 2024 – 2038	6
3.2	Svæðisskipulag Eyjafjarðar 2012 - 2024	7
3.3	Aðalskipulag Dalvíkurbyggðar 2008 - 2020	7
3.4	Vatnaáætlun Íslands 2022 - 2027	7
3.5	Fornminjar	8
4	DEILISKIPULAGSSKILMÁLAR	8
4.1	Lóðir og byggingarheimildir	8
4.2	Vegir og bílastæði	9
4.3	Neysluvatn	9
4.4	Fráveita	9
4.5	Rafmagn	9
4.6	Hljóðvist	10
4.7	Hönnun og uppdrættir	10
4.8	Mæliblöð	10
4.9	Frágangur lóða og umgengni	10
4.10	Brunavarnir	10
5	UMHVERFISMATSSKÝRSLA	10
5.1	Mat á umhverfisáhrifum	11
6	SKIPULAGSFERLI, KYNNING OG SAMRÁÐ	13
6.1	Auglýsing tillögu	13
6.2	Drög að skipulagsferli	13

1 INNGANGUR

Sett er fram tillaga að deiliskipulagi á nýju iðnaðarsvæði í landi Ytri-Haga í Dalvíkurbyggð. Norðurorka áformar að leggja hitaveitulögn frá nýjum borholum í landi Ytri- Haga ásamt byggingu tilheyrandi mannvirkja fyrir jarðhitanýtingu. Hitaveitulögnin mun liggja að Hjalteyri í Hörgársveit og tengjast þar inn á aðra lögn sem mun flytja vatn til Akureyrar. Aðveitulögnin mun einnig geta flutt vatn frá Hjalteyrarsvæðinu að hitaveitu Dalvíkurbyggðar verði í framtíðinni gerð tenging milli Ytri-Haga og Birnunesborga.

Búið er að gera óverulega breytingu á aðalskipulagi Dalvíkurbyggðar 2008-2020 þar sem skilgreint er nýtt iðnaðarsvæði (833-I) í stað landbúnaðarsvæðis.

Matsskyldufyrirspurn var send Skipulagsstofnun sem unnin var haustið 2022. Skipulagsstofnun hefur gefið álit og telur að framkvæmdin hafi ekki í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og að framkvæmdin sé ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Fyrir liggja samningar um lagningu aðveitulagnarinnar við alla landeigendur á lagnaleiðinni. Jafnframt liggja fyrir samningar við landeigendur í Syðri-Haga um nýtingu svæðisins og reksturs hitaveitu með tilheyrandi mannvirkjum.

Líkleg áhrif af stefnu deiliskipulagsins á umhverfið eru metin skv. lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021 og eru sett fram í umhverfismatsskýrslu í kafla 5.

Ekkert deiliskipulag er í gildi fyrir svæðið.

1.1 Markmið

Helsta markmið deiliskipulagsins er að tryggja heitt vatn fyrir Akureyri og nágrenni sem Norðurorka sinnir. Nýverið var lokið við að leggja nýja heitavatnslögn frá Hjalteyri til Akureyrar, sem jók flutningsgetuna verulega. Ekki er lengur unnt að auka vinnslu frá jarðhitasvæðinu á Hjalteyri eins og gert hefur verið í þrepum allt frá árinu 2003 og því þarf að sækja vatn til almenningsnota fyrir Akureyri lengra að. Eins og að framan greinir getur aðveitulögnin flutt vatn í báðar áttir.

1.2 Skipulagsgögn

Skipulagsuppdráttir eru unnir í hnitakerfinu ISN93, á grunni frá LMÍ og landeignaskrá Húsnæðis og mannvirkjaskrár. Skipulagsgögn eru eftirfarandi:

- Deiliskipulagsuppdráttur í mkv. 1:2000.
- Yfirlitsmynd í mkv. 1:7500.
- Greinargerð þessi með skipulags- og byggingarskilmálum.

2 FORSENDUR OG STAÐHÆTTIR

Jörðin Syðri-Hagi er við vestanverðan Eyjafjörð u.þ.b. miðja vegu milli Hjalteyrar og Árskógssands. Jörðin Ytri-Hagi er norðan og neðan Syðri-Haga. Nyrst og neðst í landi Ytri-Haga, og neðan Ólafsfjarðarvegar, er eitt af vinnslusvæðum hitaveitu Norðurorku og er þar ein vinnsluhola sem gefur 83°C heitt vatn. Hitaveitusvæðið er kennt við Ytri-Haga í daglegu tali. Hitaveitan veitir vatni til nágrannabæja, allt að Kálfskinni. Aðkoma að skipulagssvæðinu er frá Ólafsfjarðarvegi.

Hitaveitulögnin mun liggja frá borholunni til suðurs um óraskað flatlendi sem einkennist af língresis- og vingulsvist, fjalldrapamóavist og runnamýra- og starungsmýrarvist. Við Syðri-Haga er farið yfir og í jaðar ræktað lands og síðan í túnstæðum Rauðuvíkur þar til komið er að vegstæði gamla þjóðvegarins. Lögnin liggur síðan áfram austan Ólafsfjarðarvegar í landi Hilla, þverar hann sunnarlega og liggur síðan vestan við Ólafsfjarðarveg suður um sveitarfélagsmörk. Þar þverar lögnin aftur Ólafsfjarðarveg og liggur síðan austan vegarins gegnum túnstæði Fagraskógar að heimreið að Arnarnesi. Frá sveitarfélagsmörkum liggur lögnin innan Hörgársveitar að Hjalteyri en ekki verður rætt um það svæði frekar í þessari breytingu.

Innan skipulagssvæðisins verða lóðir fyrir loftskilju, dælistöð, borholuhús og þjónustuvegur sem nánar verður gerð grein fyrir í deiliskipulagi þessu.



Mynd 1. Loftmynd af framkvæmdasvæðinu, rauði hringurinn sýnir borsvæðið og rauða línan sýnir fyrirhugaða lagnaleið. ©Esri, Maxar, Earthstar Geographics.

3 TENGL VÍÐ AÐRAR ÁÆTLANIR

3.1 Landsskipulagsstefna 2024 – 2038

Landsskipulagsstefna er unnin á grundvelli skipulagslaga nr. 123/2010. Samkvæmt 4. mgr. 10. gr. sömu laga skulu sveitarfélög taka mið af landsskipulagsstefnu við gerð skipulagsáætlana eða breytinga á þeim.

Stuðst verður við eftirfarandi áherslur úr landsskipulagsstefnu:

- Áhersla A.4: Skipulag stuðli að verndun og varðveislu líffræðilegrar fjölbreytni, sérstæðrar náttúru og menningarminja. Framfylgd við skipulagsgerð:

- Við skipulagsgerð í dreifbýli verði lögð áhersla á að varðveita náttúru og menningarminjar sem hafa staðbundið eða víðtækara gildi út frá sögu, náttúrufari eða menningu og að viðhalda líffræðilegri fjölbreytni.
- Áhersla B.5: Skipulag stuðli að jöfnu aðgengi að orku um land allt og traustum veituvinnviðum sem tryggja öryggi. Framfylgd við skipulagsgerð:
 - Stuðlað verði að heilnæmu umhverfi með viðeigandi ráðstöfunum varðandi vatnsvernd við uppbyggingu vatns- og fráveitu.

Deiliskipulagið verður unnið í samræmi við landsskipulagsstefnu. Hugað verður að því að tryggja vatnsgæði og verður raski haldið í lágmarki eins og kostur er. Einnig verður áhersla lögð á að svæðið verði látið gróa aftur upp með staðargróðri og lagað að aðliggjandi landi eins og kostur gefst.

3.2 Svæðisskipulag Eyjafjarðar 2012 - 2024

Í gildi er Svæðisskipulag Eyjafjarðar sem nær til 7 sveitarfélaga á Eyjafjarðarsvæðinu.

Í stefnu um landbúnað eru eftirfarandi markmið:

- Landnýting skal vera í samræmi við landkosti þannig að tryggt verði svo sem kostur er að land sem vel er fallið til búvöruframleiðslu verði varðveitt til slíkra nota.

Vatns- og hitaveita er ekki viðfangsefni Svæðisskipulagsins.

3.3 Aðalskipulag Dalvíkurbyggðar 2008 - 2020

Gerð var óveruleg breyting á aðalskipulagi Dalvíkurbyggðar þar sem skilgreint var nýtt iðnaðarsvæði. Svæðið er nú skilgreint sem iðnaðarsvæði, 833-I í aðalskipulagi Dalvíkurbyggðar. Þar er gert ráð fyrir nýrri borholu og stofnlögn hitaveitu frá Ytri-Haga til suðurs að Hjalteyri.

NR.	STÆRÐ	SVÆÐI	LÝSING	SKIPULAGSÁKVÆÐI
833-I	1 ha	Ytri-Hagi	Iðnaðarsvæði fyrir borholu, þjónustuveg, dælustöð og loftskiljuhús í landi Ytri-Haga. Aðkoma að svæðinu er í gegnum þjónustuveg sem liggur frá bæjarhúsunum í Syðri-Haga.	Gert ráð fyrir iðnaðarstarfsemi fyrir jarðhitanýtingu þar sem lítil hættu er á mengun. Uppbygging skv. deiliskipulagi.

3.4 Vatnaáætlun Íslands 2022 - 2027

Fyrsta vatnaáætlun Íslands var staðfest árið 2022 á grundvelli laga um stjórn vatnamála nr. 36/2011. Markmið laganna er að vernda allt vatn (yfirborðsvatn og grunnvant) og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa til þess að vatn njóti heildstæðrar verndar. Lögunum er ætlað að stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns og langtímavernd vatnsauðlindarinnar. Skulu opinberar áætlanir stjórnvalda, s.s. vegna skipulagsmála, vera í samræmi við stefnumörkun um vatnsvernd sem kemur fram í vatnaáætlun.

Innan deiliskipulagssvæðisins er grunnvatnshlotið Árskógssandur nr. 102-131-G. Umhverfismarkmið þess er góð magnstaða og gott efnafræðilegt ástand.

3.5 Fornminjar

Fornleifar eru þekktar á einum stað rétt við afmörkun skipulagssvæðis, en þar er garðalag með heitið Holtagarður EY-075:011. Garðalagið er talið í hættu vegna ábúðar. Garðalagið er þegar raskað þar sem vegur fer í gegnum það og mun hitaveitulögnin fara um sama skarð í garðinum. Þannig er mögulegu raski haldið í algjöru lágmarki. Fornleifafræðingur verður fenginn til að skrá þversnið garðlagsins þegar hitaveitulögnin verður lögð. Finnist áður ókunnar minjar ber að tilkynna fundinn til Minjastofnunar svo fljótt sem auðið er skv. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012. Friðhelgað svæði umhverfis fornminjar er 15 m. skv. 22. gr. laganna.

4 DEILISKIPULAGSSKILMÁLAR

Nýtt deiliskipulag tekur yfir svæði sem liggur í norður út frá bænum Syðri-Haga í átt að Sólbakka. Innan deiliskipulagssvæðisins eru þrjár aðskildar lóðir fyrir starfsemi Norðurorku sem saman eru minni en 1 ha. Á uppdrætti er afmarkaður þjónustuvegur sem liggur frá aðkomunni að Syðri-Haga, afmarkaðar eru lóðir og aðkoma að þeim, byggingarreitir innan lóða auk þess sem sýndar eru mögulegar staðsetningar bygginga innan byggingarreita og bílastæði. Hugað verður að hljóðvist og útliti bygginga s.s efnis- og litavali og ef aðstæður krefjast verða settar upp manir vegna hljóðvistar og sýnileika mannvirkja. Í kaupsamningum Norðurorku á jarðhitaréttindum við landeigendur allra aðliggjandi jarða er kveðið á um hljóðvist þ.e. að hljóðvist skuli fara eftir þeim reglugerðum sem í gildi séu við byggingu mannvirkjana, sjá gr. 4.4 um hljóðvist. Deiliskipulag þetta skerðir ekki heimildir eða möguleika landeigenda til uppbyggingar eða nýtingu á landareign sinni í framtíðinni utan við lóðir Norðurorku og helgunarsvæði hitaveitulagnar.

4.1 Lóðir og byggingarheimildir

Lóðarmörk og stærð lóða eru sýnd á skipulagsuppdrætti. Afmarkaðar eru þrjár nýjar lóðir á skipulagssvæðinu sem fá heitið Ytri-Hagi 1, Ytri-Hagi 2 og Ytri-Hagi 3 auk þess sem afmörkuð er lóð fyrir þjónustuveg sem færir heitið Ytri-Hagi þjónustuvegur. Upplýsingar á deiliskipulagsuppdrætti eru til viðmiðunar, nánari upplýsingar um lóðarmörk, málsetningu lóða og lóðarstærðir eru á merkjalýsingu. Ef misræmi er gildir merkjalýsing.

Ytri-Hagi 1 - Borholuplan, borhola og borholuhús

Stærð lóðar er 3.300 m². Innan lóðar er borholuplan, borhola og borholuhús.

Byggingarreitur B1. Innan byggingarreits verður heimilt að byggja borholuhús allt að 75 m² með mænishæð allt að 4 m þar sem heimilt verður að bora fyrir heitu vatni. Borhola og borholuplan er afmarkað á uppdrætti og skal borhola vera innan byggingarreits.

Ytri-Hagi 2 - Dælustöð

Stærð lóðar 1.848 m². Innan lóðarinnar er dælustöð.

Byggingarreitur B2. Innan byggingarreits verður heimilt að byggja dælustöð allt að 300 m² með mænishæð allt að 7 m. Dælistöðin hýsir fjöldaelubúnað, starfsmannaaðstöðu, salerni, spennistöð og varaflastöð.

Ytri-Hagi 3 – Loftskilja

Stærð lóðar 794 m². Innan lóðarinnar er loftskilja.

Byggingarreitur B3. Innan byggingarreits verður heimilt að byggja loftskilju allt að 150 m² með mænishæð allt að 5 m. Loftskiljan, er í grunnin einangraður stáltankur með útloftun í toppi og lítilli útbyggingu fyrir lokabúnað. Ekki er þörf á neysluvatni né aðstöðu í loftskiljunni. Rafmagn er eingöngu nýtt til lýsingar.

Ytri-Hagi þjónustuvegur – lóð fyrir vegstæði

Stærð lóðar er 17.784 m². Innan lóðar er þjónustuvegur sem hefur aðkomu að nýjum lóðum Ytri-Haga 1-3.

4.2 Vegir og bílastæði

Aðkoma að skipulagssvæðinu er frá nýjum aðkomuvegi sem liggur frá bænum Syðri-Haga en aðkoman að bænum er frá Ólafsfjarðarvegi nr. 82. Á uppdrætti er sýnd aðkoma að skipulagssvæðinu og að lóðum og eru bílastæði sýnd til skýringar innan lóða.

4.3 Neysluvatn

Neysluvatn til hreinsunar og mögulega annarrar notkunar verður að óbreyttu fengið frá vatnsveitu Dalvíkurbyggðar og þá frá veitukerfinu sem tengir Ytri-Vík og Sólbakka.

4.4 Fráveita

Staðsetning hreinsivirkja er sýnd á uppdrætti til leiðbeiningar en endanleg staðsetning verður ákvörðuð á hönnunarstigi. Tryggja skal gott aðgengi að hreinsivirkjum til tæmingar. Gerð og staðsetning skal vera í samræmi við byggingarreglugerð nr. 112/2012 og lög um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998. Um fráveitu gildir reglugerð um fráveitur og skólp nr. 798/1999, með síðari breytingum.

4.5 Rafmagn

Gert er ráð fyrir að í dælustöð verði spennistöð sem tengist dreifikerfi RARIK og að þaðan mun rafmagnni verða dreift um svæðið. Lagnir munu að jafnaði fylgja vegum.

4.6 Hljóðvist

Við hönnun mannvirkja yfir borholur og dælur skal sérstaklega hugað að hljóðvist á svæðinu með það að markmiði að koma í veg fyrir eða draga úr skaðlegum áhrifum af hávaða eins og mælt er fyrir um í reglugerð nr. 724/2008. Miða skal við að jafngildishljóð (L_{Aeq}) þ.e. mælt yfir 24 stundir, sé ekki hærra en 35 við húsvegg ábúenda, mælt í dB(A).

4.7 Hönnun og uppdrættir

Húsagerðir eru frjálstar að öðru leyti en því sem mæliblöð, hæðarblöð, skilmálar þessir, byggingarreglugerð og aðrar reglugerðir segja til um. Á aðaluppdráttum skal sýna skipulag lóðar í aðalatriðum og fyrirkomulag mannvirkja á lóðinni.

4.8 Mæliblöð

Mæliblöð sýna lóðamörk, stærð lóða, byggingarreiti, innkeyrslu inn á lóðir og kvaðir ef einhverjar eru.

4.9 Frágangur lóða og umgengni

Öllu jarðraski skal haldið í lágmarki við uppbyggingu á svæðinu svo sem við byggingu húsa og gatnagerð. Þess skal gætt að spilla ekki eða raska landi að óþörfu. Halda landi sem snyrtilegustu svo engin hætta stafi af búnaði eða munum innan þess né sé öðrum til ama. Leitast skal við að hafa lýsingu lágstemmda og ljósi beint niður til að lýsing þjóni sem best tilgangi sínum og til að draga úr ljósmengun.

4.10 Brunavarnir

Lóðin er innan starfsvæðis slökkviliðs Dalvíkurbyggðar og skulu brunavarnir taka mið af brunavarnar-áætlun og lögum um brunavarnir nr. 75/2000. Gott aðgengi skal vera fyrir slökkvibíla að yfirborðsvatni.

5 UMHVERFISMATSSKÝRSLA

Deiliskipulagið fellur undir lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Meta skal líkleg áhrif af fyrirhuguðum framkvæmdum og starfsemi á aðliggjandi svæði og einstaka þætti áætlunarinnar sjálfrar, eftir því sem við á, skv. gr. 5.4. í skipulagsreglugerð nr. 90/2013. Matinu er ætlað að upplýsa um möguleg áhrif af stefnu skipulagsins og finna leiðir til að draga úr mögulegum neikvæðum umhverfisáhrifum. Umhverfisáhrif geta verið jákvæð, neikvæð, óveruleg/engin eða óviss.

Stefna deiliskipulagsins verður metin út frá þáttum í eftirfarandi töflu:

TAFLA 1. Umhverfisþættir, matsspurningar og viðmið.

UMHVERFISÞÁTTUR	UMHVERFISVIÐMIÐ	MATSSPURNINGAR
Ásýnd og landslag <i>Landslag.</i> <i>Ásýnd og sjónræn áhrif.</i>	Landsskipulagsstefna 2024-2038. Svæðisskipulag Eyjafjarðar 2012 – 2024 Lög um náttúruvernd nr. 60/2013, áhersla á 61. gr.	Hefur stefnan áhrif á landslag og ósnortið/náttúrulegt yfirbragð svæðisins? Hefur stefnan áhrif á jarðmyndanir?

UMHVERFISÞÁTTUR	UMHVERFISVIÐMIÐ	MATSSPURNINGAR
		Hefur stefnan áhrif á víðerni? Hefur stefnan áhrif á ásynd svæðis?
Gróður og dýralíf <i>Gróðurlendi og vistkerfi.</i>	Stefna í aðalskipulagi.	Hefur stefnan áhrif á gróður og vistkerfi?
Jarðmyndanir <i>Jarðvegur – jarðvegsrof.</i>	Landsskipulagsstefna 2024-2038. Stefna í aðalskipulagi. Lög um náttúruvernd nr. 60/2013	Hefur stefnan áhrif á jarðmyndanir sem njóta verndar eða þykja sérstæðar?
Heilbrigði <i>Mengun og hávaði. Vatn.</i>	Stefna í aðalskipulagi.	Er hætt á mengun eða hávaða vegna stefnu skipulagsins?
Minjar <i>Fornminjar.</i>	Stefna í aðalskipulagi Lög um menningarminjar nr. 80/2012	Hefur stefnan áhrif á verndar-svæði? Hefur stefnan áhrif á forn-minjar?

5.1 Mat á umhverfisáhrifum

Í umhverfismatsskýrslu eru bornir saman eftirfarandi valkostir:

Nýtt deiliskipulag: Á svæðinu byggist upp jarðhitanýting fyrir hitaveitu með tilheyrandi mannvirkjum. Skilmálar verða settir um vandaðan frágang fyrir uppbyggingu borholuhúss, dælustöðvar og loftskilju.

Grunnástand – Núll-kostur: Svæðið verður ekki deiliskipulagt og byggist ekki upp sem iðnaðarsvæði.

Umhverfisáhrif af nýju deiliskipulagi

Áhrif á ásynd og landslag eru metin nokkuð neikvæð. Ekki er talið að byggingar á svæðinu muni hafa veruleg áhrif á ásynd eða landslag þar sem byggingar verða dreifðar, mismunandi, mis háar og hugað verður að útliti bygginga s.s efnis- og litavali og ef aðstæður krefjast verða settar upp manir vegna hljóðvistar og sýnileika mannvirkja. Aðrar og stærri byggingar eru auk þess í næsta nágrenni. Nýr vegur niður brekkuna frá Syðri-Haga raskar ásynd brekkunnar sem áður var að mestu óröskuð, og svæði sem er, og hefur verið, landbúnaðarland og frístundahúsabyggð fær á sig annað yfirbragð þegar mannvirki tengd jarðhitanýtingu verða reist. Mannvirki eru ekki sýnileg frá Ólafsfjarðarvegi en sjást af sjó og frá Hauganesi, sem er um 2 km norðar.

Áhrif á gróður og dýralíf eru metin óverulega neikvæð. Nýr vegur liggur um óraskað land sem óhjákvæmilega raskar gróðri, en um er að ræða vistgerðir sem hafa ekki hátt verndargildi og heildarrasksvæði er lítið að umfangi.

Áhrif á jarðmyndanir eru metin óveruleg. Lítið þarf að eiga við jarðmyndanir við uppbyggingu á þeim mannvirkum sem gert er ráð fyrir í deiliskipulaginu. Það rask sem verður við framkvæmdina verður komið í samt horf við lok framkvæmda eins og unnt er.

Áhrif á heilbrigði eru metin óveruleg. Engin mengun er talin stafa af framkvæmdinni. Við hönnun mannvirkja yfir borholur og dælur skal sérstaklega hugað að hljóðvist á svæðinu með það að markmiði að koma í veg fyrir eða draga úr skaðlegum áhrifum af hávaða eins og mælt er fyrir um í reglugerð nr.

724/2008. Miða skal við að jafngildishljóð (L_{Aeq}) þ.e. mælt yfir 24 stundir, sé ekki hærra en 35 við húsvegg.

Áhrif á minjar eru metin óveruleg. Við hlið skipulagssvæðisins er ein þekkt fornleif, garðalag með heitið Holtagarður EY-075:011. Garðalagið er talið í hættu vegna ábúðar. Garðalagið er þegar raskað þar sem vegur fer í gegnum það og mun hitaveitulögnin fara um sama skarð í garðinum. Þannig er mögulegu raski haldið í lágmarki.

Núll kostur

Áhrif á land og landslag eru metin óveruleg. Engin breyting verður á svæðinu.

Áhrif á gróður og dýralíf eru metin óveruleg. Engin áhrif verða á gróður eða dýralíf.

Áhrif á heilbrigði eru metin óveruleg. Engin áhrif verða á heilbrigði.

Áhrif á jarðmyndanir eru metin óveruleg. Engin breyting verður á svæðinu.

Áhrif á minjar eru metin óveruleg. Engar breytingar verða á svæðinu.

Niðurstaða umhverfismats:

Á framkvæmdartíma verður rask áberandi á framkvæmdarsvæðinu en eftir að framkvæmdum lýkur mun taka um 5 ár fyrir gróðurinn að jafna sig. Áhersla er lögð á að svæðið verði látið gróa aftur upp með staðargróðri og lagað að aðliggjandi landi eins og kostur gefst. Hugað verður að hönnun bygginga á svæðinu svo að þær falli sem best að landi s.s. með efnis- og litavali og ef aðstæður krefjast verða settar upp manir vegna hljóðvistar og sýnileika mannvirkja. Raski verður haldið í lágmarki við garðalagið sem liggur við skipulagssvæðis og fornleifafræðingur fenginn á staðinn til að skrá þversnið garðlagsins þegar hitaveitulögnin verður lögð. Það rask sem verður við framkvæmdina verður komið í samt horf við lok framkvæmda eins og unnt er. Því er ekki talið að framkvæmdin muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér þegar litið er til viðmiða í 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

Vegna eftirspurnar eftir heitu vatni á Eyjarfjarðarsvæðinu er mikilvægt að nýta þær auðlindir sem fyrir eru á svæðinu þar sem ekki er unnt að auka frekar vinnslu frá jarðhitasvæðinu á Hjalteyri og því þörf á að sækja heitt vatn lengra að, en á sama tíma að nýta fyrirbyggð innviði s.s. nýja Hjalteyarlögn sem þegar er uppbyggð.

6 SKIPULAGSFERLI, KYNNING OG SAMRÁÐ

Deiliskipulagstillagan er unnin og kynnt skv. 41.gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

6.1 Auglýsing tillögu

Óskað verður eftir umsögnum frá eftirtöldum aðilum:

- Minjastofnun Íslands
- Náttúrufræðistofnun Íslands
- Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra
- Rarik

6.2 Drög að skipulagsferli

